

**83. fundur afgreiðslufunda byggingarfulltrúa
haldinn í fundarherbergi 4. hæð í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, mánudaginn 14.
apríl 2025 og hófst hann kl. 08:00.**

Fundinn sátu:

Kristján S Kristjánsson byggingarfulltrúi og Hermann G Hermannsson Slökkvilið
Ísafjarðarbæjar.

Embættismenn:

Fundargerð ritaði: Kristján Svan Kristjánsson, byggingarfulltrúi.

Dagskrá:

**1. Æðartangi 2 - tilkynning um framkvæmdir undanþegnar byggingarleyfi -
2025030146**

Erindið var tekið fyrir á fundi skipulags- og mannvirkjanefndar nr. 649 og var
jákvætt tekið í erindið en bent á að framkvæmdaraðili hugi að sjónlengdum í
tengslum við úttafakstur á bílastæði.

*Erindi samþykkt. Líkt og skipulags- og mannvirkjanefnd veður athygli á er
framkvæmdaraðila bent á að huga að sjónlengdum í tengslum við úttafakstur á
bílastæði.*

2. Dynjandi, vinnubúðir. Umsókn um stöðuleyfi - 2025040119

Lögð er fram umsókn Dagnýjar Ísafold f.h Borgarverks ehf. um stöðuleyfi fyrir
vinnu/kaffiskúr fyrir starfsfólk Borgarverks á meðan framkvæmdum við vegagerð
stendur yfir.

Jafnframt er lögð fram staðsetning vinnuskúrs og samþykki Umhverfisstofnunar.

*Erindi samþykkt með fyrirvara um skriflegt samþykki Umhverfisstofnunar fyrir
staðsetningu vinnuskúrs.*

3. Brekkugata 7 - Umfangsflokkur 2 - 2025030179

Lögð er fram umsókn Gunnlaugs Björns Jónssonar um byggingarleyfi f.h
Garðagleði ehf.

Sótt er um leyfi til að stækkunar húsnæðis á þann veg að þakhæð sé byggð á
núverandi hús, með stiga á milli hæða. Eins stendur til að klæða húsið með
bárujárni.

Jafnframt er lagður fram aðaluppdráttur frá Gingi teiknistofu ásamt jákæðri
umsögn Minjastofnunar vegna framkvæmdanna.

Erindi vísað til skipulags- og mannvirkjanefndar til umfjöllunar.

4. Túngata 19 - Umfangsflokkur 1 - 2025040130

83. fundur afgreiðslufunda byggingarfulltrúa

Lögð er fram umsókn frá Shruthi Basappa f.h Dóru Hlín Gísladóttur vegna breytinga á norðurhlið hússins. Óskað er eftir því koma fyrir stærri gluggum en þeim sem fyrir eru.

Erindi frestað. Kallað er eftir hönnunargögnum arkitekts.

5. Torfnes 138846 L138846; umsókn um byggingarleyfi - Flokkur 1 - 2025030205

Lögð er fram umsókn Ísafjarðarbæjar um byggingarheimild vegna byggingar stúkuhúss við Torfnesvöll.

Jafnframt er lagður fram aðaluppdráttur frá Eflu.

Byggingarheimild veitt. Umsóknin samræmist lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Umsækjanda er bent á að séruppdrætti þarf að senda til leyfishafa áður en kemur til lokaúttektar.

6. Hnífsdalsvegur 27 - tilkynning um framkvæmdir undanþegnar byggingarleyfi - 2025040070

Lögð er fram tilkynning um framkvæmd frá Þresti Marsellíussyni ehf. vegna breytinga á skráningu mannvirkis. Sótt er um að skipta eigninni í fjögur fasteignanúmer í stað eins. Engar breytingar eru að eiga sér stað á notkun eða innri rýmum.

Jafnframt eru lagðir fram aðaluppdrættir frá Eflu.

Samþykkt. Umsóknin samræmist lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð nr. 112/2012.

7. Fyrirspurn til byggingarfulltrúa - 2025040071

Lögð er fram fyrirspurn frá Bjarka Rúnari Arnarsyni vegna aukins nýtingarhlutfalls á lóð Stefnisgötu 8. Óskað er eftir því að nýtingarhlutfalli verði breytt úr 0.7 í 0.8. Jafnframt er óskað eftir því að byggja út fyrir byggingarreit sem nemur 0.3 m²

Erindinu er vísað til skipulags- og mannvirkjanefndar til umfjöllunar.

8. Torfnes menntaskóli - tilkynning um framkvæmdir undanþegnar byggingarleyfi - 2025030136

Lögð er fram tilkynning um framkvæmd frá Menntaskólanum á Ísafirði. Tilkynnt er um framkvæmd er snýr að uppsetningu á sólarshelluvirki og smáhýsi er geymir rafhlöðu og stýringar. Um er að ræða samvinnuverkefni Menntaskólans með Orkubúi Vestfjarða og Bláma um rannskóknir og mælingar á sólarorku á norðurslóðum. Jafnframt er lagður fram uppdráttur frá Menntaskólanum á Ísafirði. Erindið var tekið fyrir á fundi skipulags- og mannvirkjanefndar nr. 649 og voru ekki gerðar athugasemdir við framkvæmdina.

Erindi samþykkt. Umsóknin samræmist lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:00

Kristján S Kristjánsson

Hermann G Hermannsson